

Fjallabyggð  
Gránugötu 24  
580 Siglufirði



## Umsókn um leyfi til uppsetningar á veðurstöð við Saurbæjarás

Vegagerðin óskar eftir leyfi til uppsetningar á veðurstöð norðan Siglufjarðarveggar (76-14), vestan Skútuár. Aðkoman verður frá slóða sem liggur frá Siglufjarðarvegi að Sólvangi og Lyngholti.

Staðsetning veðurstöðvarinnar er valin með tilliti til snjósöfnunar að höfðu samráði við veðurfræðing, lögreglu, björgunarsveit, snjómokstursverktaka, skólalábstjóra o.fl.

Veðurstöðin verður sett upp á 6 m hátt mastur sem verður stagað með þrem vírstögum sem eru leidd í jörðu 3-5 m frá mastri. Gert er ráð fyrir að veðurstöð tengist í tengikassa á ljósastaur í eigu Vegagerðarinnar norðan vegar. Á milli veðurstöðvar og ljósastaura liggja tveir strengir í 50 mm ídráttarrörum, einn rafstrengur og einn gagnastrengur fyrir veghitanema teljara og fl. Lagnaleið frá tengikassa að mastri er um 60 m.

Nánari upplýsingar um staðsetningu má finna á meðfylgjandi teikningu.

Gengið er út frá því að Fjallabyggð sé þinglýstur eigandi þess lands sem um ræðir og því er samhlíða sótt um heimild landeiganda til uppsetningar á veðurstöðinni. Ef Fjallabyggð er ekki landeigandi að jörðinni óskar Vegagerðin eftir upplýsingum um eignarhald á jörðinni svo unnt sé að afla tilskilinna leyfa þinglýsts landeiganda.

Virðingarfyllst f.h. Veagerðarinnar  
Margrét Silja Þorkelsdóttir

Undirskrift

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Borgartún 5-7  
105 Reykjavík  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is